

Fundur (2) hjá Foreldrafélagi Verzló, í Portinu,

15. nóvember 2012, 17:30-18:30

Mættir : Hlaðgerður Björnsdóttir, Unnur Ingólfssdóttir, Katrín Helgadóttir, Árni Mathiesen, Guðrún Vala Ólafsdóttir, Elín Thorarensen formaður, Lena Lenharðsdóttir ritari.

- 1) **Ballistinn.** Þurfum að fá að vita af því fyrir að óskað sé eftir aðstoð foreldra í gæslu á skólaböllum. Síðast fengum við boð tveimur dögum áður og það hefði mátt vera meiri fyrirvari. Við munum senda boð á alla þá sem skráðu sig á sjálfboðalistann fyrir þau böll sem eftir eru en vel hefur gengið að manna gæsluna. Skráningin gekk ekki alveg að óskum þar sem villur komu upp í netföngum, netföng gleymdust og innsláttur brást en það gengur vonandi betur næst. Bæta þarf við listann þeim sem buðu sig fram á síðasta ári. Aðstæður á busaballi vetrarins voru ekki góðar þar sem fatahengið varð mikill flöskuháls í lok balls, salernisaðstaða ekki nógu góð og akstur til og frá Vodafone höllinni þoldi illa álagið.
- 2) **Fundur með skólustjórnendum mánudaginn 19. nóvember.**
Tillaga að umræðuefni:
 - a) *Framtíðarþing*
 - b) *Böllin*
 - c) *Þjófnaður í skólanum*
 - d) *Facebook samskipti kennara og nemenda*
 - e) *Skemmtanir.* Hvað er framundan hjá nemendum?
 - f) *Ójafnt álag milli anna*
 - g) *Skólaráð – aðkoma foreldra.*
 - h) *Fyrirkomulag prófa.*
 - i) *Samanburður á lokaprófum*
 - j) *Lokaeinkunnir.*
 - k) *Miðannarmat.*
 - l) *Ársskýrslur skólans.*
 - m) *Netfang for.félags.*
- 3) **Facebook.** Erum að skoða að opna Facebook síðu fyrir Foreldrafélag Verzló. Skrifu niður markmið og tilgang með slíkri síðu sem væri einkum að miðla fréttum og fundargerðum til foreldra. Hvetja foreldra til að stofna lokaða facebook hópa til að ræða mál eins og partý, bjórkvöld, sumarbústaðaferðir og áfengisneyslu.
- 4) **Netfang foreldrafélagsins.** Athuga með netfang fyrir foreldrafélagið til að auðvelda foreldrum aðgengi að stjórn félagsins. Netfangið væri ávallt það sama þó skipt sé út stjórnarmönnum reglulega. Kanna hvort hægt sé að fá netfangið foreldrafelag@verslo.is

Önnur mál:

- 1) Meðferð fundargerða.** Elín Thorarensen leggur til að fundargerðin verði send á alla stjórnarmenn til yfirlstrar og að stjórnarmenn hafi viku til að gera athugasemdir. Þegar fundargerð hefur verið samþykkt þá er hún send á yfirkennara sem setur hana á heimasíðu Verslunarskólans. Fyrirkomulagið samþykkt af öllum fundarmönnum.
- 2) Bjórkvöld.** Það hefur tíðkast að eldri nemendur standi fyrir bjórkvöldum og leigi til þess sali úti bæ. Þessar skemmtanir eru ekki á vegum skólans og eru ólöglegar. Þarna eru vínveitingar og þær eru ekki leyfðar á skemmtunum fyrir yngri en 20 ára. **Foreldrar eru hvattir til að láta lögregluna vita ef þeir heyra af þessum skemmtunum.** Nemendur fá einhvern sem orðin er 20 ára til að leigja salinn fyrir sig og er viðkomandi ábyrgðaraðili fyrir að skemmtunin sé lögleg. Lögreglan fylgist mjög náið með slíku skemmtanahaldi og leysti m.a upp slíkt samkvæmi við Nauthólsvík á síðasta ári.

Fundargerð þessa ritaði:

Lena Kristín Lenharðsdóttir ritari.